

## Reginn hf.

### Hluthafafundur 13. september 2018

**Endanleg dagskrá og tillögur fyrir hluthafafund Regins hf. sem haldinn verður á skrifstofu Regins, Hagasmára 1, 201 Kópavogi, fimmtudaginn 13. september 2018 og hefst stundvíslega kl. 8:30.**

Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

- 1) Tillaga stjórnar um skipan og fyrirkomulag tilnefningarnefndar fyrir félagið.
- 2) Tillögur stjórnar að breytingum á samþykktum félagsins.
- 3) Ákvörðun um þóknun tilnefningarnefndar.
- 4) Kosning tilnefningarnefndar.
- 5) Önnur mál.

**1) Tillaga stjórnar Regins hf. um skipan og fyrirkomulag tilnefningarnefndar fyrir félagið.**

Stjórn Regins hf. leggur til við hluthafafund félagsins að eftirfarandi tillaga verði samþykkt:

*„Hluthafafundur Regins hf. þann 13. september 2018 samþykkir að koma á fót tilnefningarnefnd sem starfa skal samkvæmt starfsreglum nefndarinnar sem liggja fyrir sem fylgiskjal með tillögu þessari og skulu skoðast sem hluti hennar. Við kjör nefndarmanna tilnefningarnefndar í fyrsta skipti skulu nefndarmenn kosnir á hluthafafundi 13. september 2018 úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér fyrir fundinn og skulu þeir kjörnir til aðalfundar 2020, en að öðru leyti skal farið eftir starfsreglum nefndarinnar eftir því sem við getur átt.“*

**Greinargerð**

Stjórn Regins hf. var með ákvörðun aðalfundar félagsins, þann 14. mars 2018, falið að undirbúa að koma á fót tilnefningarnefnd fyrir félagið. Stjórn og stjórnendur félagsins hafa á síðustu mánuðum unnið að undirbúningi tilnefningarnefndarinnar með aðstoð sérfræðinga og liggja nú fyrir drög að starfsreglum nefndarinnar þar sem tilgangur, störf og skipun nefndarinnar koma fram. Stjórn Regins hf. leggur því til að hluthafafundur félagsins þann 13. september 2018 samþykki framangreinda tillögu, ásamt meðfylgjandi starfsreglum sem skoðast sem hluti af framangreindri tillögu. Þar sem fyrir hluthafafund 13. september 2018 eru ekki í gildi neinar reglur um framboðsfrest og kjör tilnefningarnefndar þykir nauðsynlegt að taka sérstaklega fram að í fyrsta skipti sem tilnefningarnefnd er kjörin skuli það gert með þeim hætti sem greinir í tillögunni. Í fyrsta sinn sem tilnefningarnefnd er kjörin er kjörtímabil hennar til aðalfundar 2020, en þá verður endurkjorið í nefndina í samræmi við starfsreglur tilnefningarnefndar og samþykktir félagsins, þ.e. til tveggja ára.

**2) Tillögur stjórnar Regins hf. að breytingum á samþykktum félagsins.**

Stjórn Regins leggur til við hluthafafund félagsins að gerðar verði eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins.

*Tillaga um nýja 22. gr. samþykkt*

Við IV. kafla samþykkt félagsins skal bætast ný grein sem verður 22. gr. og skulu númer greina sem á eftir henni koma breytast í samræmi við það. Hin nýja grein skal vera svohljóðandi:

22. gr.

„Félagið skal hafa starfandi tilnefningarnefnd sem hefur það meginhlutverk að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu í félaginu á aðalfundi félagsins, eða eftir atvikum á hluthafafundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá.

Nefndarmenn tilnefningarnefndar skulu að lágmarki vera þrír og skulu þeir kjörnir til tveggja ára á aðalfundi félagsins. Nefndin skal vera sjálfstæð í störfum sínum og skulu stjórnarmenn félagsins ekki eiga sæti í nefndinni.

Formaður tilnefningarnefndar skal kjörinn af nefndinni sjálfri á fyrsta fundi eftir skipun.“

#### Viðbætur við 15. gr. samþykktar

Þær breytingar skulu gerðar á 15. gr. samþykktar félagsins að annars vegar verði bætt inn nýjum tölulið nr. 9 sem verði svohljóðandi: „Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd, sé skipunartími nefndarmanna liðinn eða ef nefndarmaður hefur látið af störfum.“ Númer töluliða sem á eftir koma skulu taka breytingum til samræmis við þetta.

Hins vegar verði bætt við þann tölulið sem nú er nr. 9 orðunum „og til nefndarmanna tilnefningarnefndar“ á eftir orðinu „stjórnarmanna“.

Ákvæði 15. gr. samþykktar félagsins verður eftir breytinguna svohljóðandi:

„Á aðalfundi skulu tekin til afgreiðslu eftirfarandi mál:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Ákvörðun um heimild til stjórnar um kaup á eigin bréfum.
6. Tillögur til breytinga á samþykktum, ef einhverjar hafa borist.
7. Kosning félagsstjórnar.
8. Kosning endurskoðanda.
9. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd, sé skipunartími nefndarmanna liðinn eða ef nefndarmaður hefur látið af störfum.
10. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og til nefndarmanna tilnefningarnefndar fyrir næsta kjörtímabil.
11. Önnur mál.“

#### **Greinargerð**

Stjórn Regins hf. leggur til að ákvæði sem leggja grunn að skipun og starfsemi tilnefningarnefndar félagsins komi fram í samþykktum. Þó ekki sé skylt að hafa ákvæði um tilnefningarnefnd í samþykktum þykir rétt, í ljósi stöðu nefndarinnar sem

nefndar sem kjörin er af hluthafafundi, að grundvöllur nefndarinnar sé lagður í samþykktum félagsins. Breytingar á 15. gr. samþykktu endurspeglu að gert sé ráð fyrir að tilnefningarnefnd sé kjörin á aðalfundi og kjör nefndarmanna séu jafnframt ákveðin af aðalfundi.

**3) Ákvörðun um þóknun nefndarmanna tilnefningarnefndar fram að næsta aðalfundi Regins hf.**

Stjórn Regins hf. leggur til við hluthafafund félagsins að nefndarlaun fyrir setu í tilnefningarnefnd fram að næsta aðalfundi verði þannig að þóknun formanns tilnefningarnefndar verði 90.000 kr. á mánuði og annarra nefndarmanna 60.000 kr. á mánuði.

**4) Kosning tilnefningarnefndar**

Stjórn Regins hf. leggur til að fyrstu nefndarmenn tilnefningarnefndar verði kjörnir með beinni kosningu á hluthafafundinum þann 13. september 2018 úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér fyrir hluthafafundinn.

Um kosningu nefndarmanna við fyrstu skipun fer eftir meðfylgjandi starfsreglum tilnefningarnefndarinnar að því leyti sem við getur átt, þó þannig að við fyrstu skipun verði kosið á milli þeirra framboða sem borist hafa fyrir hluthafafundinn.

**Aðrar upplýsingar:**

Framangreind dagskrá og tillögur auk skjala sem lögð verða fyrir hluthafafund eru hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins að Smáralind, 1. hæð, að Hagasmára 1, 201 Kópavogi. Einnig eru skjölin aðgengileg á heimasíðu félagsins, [www.reginn.is/fjarfestavefur](http://www.reginn.is/fjarfestavefur).

Hluthafafundur félagsins verður án pappírsgagna.

Kópavogur, 6. september 2018

Stjórn Regins hf.